

Stefna í málefnum innflytjenda 2018-2022

ELÍN ODDNÝ SIGURÐARDÓTTIR

FORMAÐUR STÝRIHÓPS UM MÓTUN STEFNU Í MÁLEFNUM
INNFLYTJENDA, FLÓTTAFÓLKS OG UMSÆKJENDA UM ALÞJÓÐLEGA VERND

Starfshópurinn skipaður í október 2016

Elín Oddný Sigurðardóttir, formaður.

Ilmur Kristjánsdóttir (Sigurður Björn Blöndal tók sæti Ilmar síðari hluta tímabilsins)

Sabine Leskopf

Magnús Arnar Sigurðarson

Áslaug María Friðriksdóttir

Þórgnýr Thoroddsen

Áheyrnarfulltrúi fjölmeningarráðs: Marina Mendonca

Starfsmaður hópins: Gerður Gestsdóttir

Verkefni hópsins

- ❖ Gera tillögu um heildstæða stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við innflytjendur og flóttafólk með þarfir ólíkra hópa að leiðarljósi.
- ❖ Kortleggja þjónustu sem nú er veitt innflytjendum og flóttafólki á vegum borgarinnar.
- ❖ Skýra ábyrgðarsvið á þeirri þjónustu sem innflytjendum og flóttafólki stendur til boða innan borgarinnar.
- ❖ Hafa samráð við hagsmunahópa um stefnumótunina.
- ❖ Gera tillögu um aðgerðaráætlun á grundvelli stefnunnar.

Starf hópsins

- ❖ Hópurinn fundaði fyrst þann 28. október 2016 og fundaði samtals 19 sinnum.
- ❖ Viðmælendur hópsins voru á fjórða tug.
- ❖ Stefnu skilað til umsagnar – alls bárust yfir 20 umsagnir.
- ❖ Vinna byggð á fyrirliggjandi stefnu borgarinnar í ýmsum málaflokkum, stefnu stjórnvalda og fyrirliggjandi lögum í málaflokknum.

Mannréttindastefnan

„Við alla stefnumótun hjá Reykjavíkurborg er mannréttindastefnan og mannréttindahugtakið lagt til grundvallar.“

Fjórbætt Hlutverk Reykjavíkurborgar

- ❖ Reykjavíkurborg sem stjórnvald
- ❖ Reykjavíkurborg sem atvinnurekandi
- ❖ Reykjavíkurborg sem miðstöð þjónustu
- ❖ Reykjavíkurborg sem samstarfsaðili og verkkaupi

1. Reykjavík sem stjórnvald

- ❖ Sanngjörn og réttlát málsmeðferð
- ❖ Tekið tillit til mismunandi uppruna við stefnumótun
- ❖ Auka kosningaþátttöku fólks af erlendum uppruna

1. Helstu aðgerðir

- ❖ Mótun heildstæðrar stefnu í túlka- og þýðingarmálum.
- ❖ Koma á fót sérfræðingateymi í innflytjendamálum meðal starfsmanna borgarinnar.
- ❖ Mannréttindaskrifstofa hafi reglubundið eftirlit með framkvæmd aðgerðaráætlunar í innflytjendamálum.

2. Reykjavíkurborg sem atvinnurekandi

- ❖ Starfsumhverfi þar sem öllum líður vel.
- ❖ Menningarnæm samskipti.
- ❖ Þjálfun og fræðsla til starfsfólks vegna þjónustu við innflytjendur.
- ❖ Meta þekkingu og reynslu starfsmanna úr hópi innflytjenda.
- ❖ Nýta fjölbreytta tungumálakunnáttu starfsfólks.

2. Helstu aðgerðir

- ❖ Markviss vinna gegn fordómum og hatursfullri orðræðu.
- ❖ Mat á færni og þekkingu innflytjenda sem starfa hjá borginni.
- ❖ Samræmt mat á tungumálakunnáttu.
- ❖ Úttekt á gæðum íslenskukennslu fyrir starfsmenn borgarinnar.

3. Reykjavíkurborg sem miðstöð þjónustu

- ❖ Tryggja greiðan aðgang innflytjenda að þjónustu borgarinnar.
- ❖ Þjónusta er skipulögð og veitt út frá þörfum ólíkra hópa, þmt. innflytjenda.
- ❖ Samræmd heildarstefna um túlkapjónustu.
- ❖ Leitast við að vinna að úrlausn mála, jafnvel þótt þau séu á verksviði annarra, sbr. þjónustustefnu Reykjavíkurborgar.
- ❖ Sérstök áhersla lögð á börn innflytjenda.

3. Helstu aðgerðir

- ❖ Frumkvæði að stofnun upplýsingamiðstöðvar fyrir innflytjendur á höfðuborgarsvæðinu sem leiðbeini bæði varðandi þjónustu ríkis og sveitarfélaga (Bjarkarhlíðarmódel) – Styðja við stofnun Ráðgjafarstofu Innflytjenda.
- ❖ Efla fjölmennigalega kennsluhætti.
- ❖ Vekja athygli á þjónustu umboðsmanns borgarbúa meðal innflytjenda.
- ❖ Sérstakt átak í regluverki sem snýr að umsækjendum um alþjóðlega vernd og verkaskipting skýrð milli ríkis og sveitarfélaga í þeim málaflokki.

4. Reykjavíkurborg sem samstarfsaðili og verkkaupi

- ❖ Áhersla á mannréttindi og þarfir innflytjenda í öllu samstarfi.
- ❖ Frumkvæði að samstarfi við ráðuneyti og stofnanir ríkisins til að ræða samvinnu og verkaskiptingu í málaflokknum.
- ❖ Gera húsnæði borgarinnar aðgengilegt fyrir félagasamtök innflytjenda.

4. Helstu aðgerðir

- ❖ Fylgja eftir samþykkt um keðjuábyrgð.
- ❖ Styðja við starfsemi frjálsra félagasamtaka innflytjenda.
- ❖ Áhersla á þátttöku innflytjenda í ýmsum viðburðum borgarinnar.

5. Flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd

- ❖ Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd er sérstaklega vandasöm og mikilvægt að byggja upp þekkingu og reynslu innan þjónustumiðstöðva og í skóla- og frístundastarfi á þessu sviði.
- ❖ Huga þarf sérstaklega að þörfum barna og barnafjölskyldna meðal flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

5. Helstu aðgerðir

- ❖ Samvinna við ríkið til að jafna aðstöðumun flóttafólks og þeirra sem fá stöðu flóttamanns í kjölfar umsóknar um alþjóðlega vernd. - Tillögur hafa verið kynntar af ráðherra – fylgja því eftir!
- ❖ Óska eftir stuðningi frá ríki í lengri tíma eftir að einstaklingar fá stöðu flóttamanns.
- ❖ Vinna að húsnæðismálum þessa hóps í samvinnu við ríkið.

Samvinna við ríkið

Ríki og sveitarfélög standi saman að stofnun upplýsingamiðstöðvar (Bjarkarhlíðarmódel) þar sem boðið verður upp á aðgengilega ráðgjöf til innflytjenda um þjónustu opinberra aðila réttindi og skyldur, þeim að kostnaðarlausu.

Fram er komið frumvarp um Ráðgjafarstofu Innflyjenda!

Næstu skref sem stjórnvald?

- ❖ Fylgja eftir aðgerðum með reglulegu eftirliti og tryggja fjármagn.
- ❖ Styðja við og móta starfssemi sérfræðingateymis í innflytjendamálum meðal starfsmanna borgarinnar.
- ❖ Móta heildstæða stefnu í túlka-og þýðingarmálum.
- ❖ Þýða stefnuna á fleiri tungumál og gefa hana út.
- ❖ Ýta á eftir að Ráðgjafastofu Innflytjenda verði komið á fót.
- ❖ Óska eftir nýrri úttekt frá ICC (Intercultural Cities) til að meta stöðuna við upphaf aðgerðaráætlunnarinnar.